

Dagsetning
23.06.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um nauðsynlegar aðgerðir vegna alvarlegs ástands efnahagsmála, mál 88.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Um er að ræða víðtækar aðgerðir sem taka til allra sviða efnahagslífsins. Sett eru skýr markmið um einstaka efnisflokka, svo sem varðandi heimili, fyrirtæki, fjármál hins opinbera, fjármálamarkaði og peningamálastjórnun. Stofnunin telur að ekki sé hægt að greina áhrif þessara aðgerða á byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni ítarlega á þeim skamma tíma sem gefinn er fyrir veitta umsögn. Fljótt á litið virðast þær þó ekki sértækar varðandi landsbyggðina, heldur fjalla um endurskipulagningu efnahagslífsins í heild. Þá er ljóst að töluverð greiningarvinna þarf að fara fram áður en hluti þeirra kemst í framkvæmd.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar